

**Nd.**

**108. Frumvarp**

til laga um löggilding verslunarstaðar að Kaldrananesi við Bjarnarfjörð.

Flutningsmaður: Magnús Pjetursson.

1. gr.

Að Kaldrananesi við Bjarnarfjörð í Kaldrananeshreppi í Strandasýslu skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

**Greinargerð.**

Bjarnarfjörður sá, sem hjer er nefndur, er næsti fjörður norðan við Steingrimsfjörð. Sveitin upp af honum og norðan við hann á miklum mun ljettara með að sækja vörur sínar á stað þann, sem að ofan er nefndur, heldur en á Hólmavík. Að visu er innsigling þangað enn ekki uppmæld, en gert ráð fyrir því, að hún fari mjög bráðlega fram, enda þingsályktun til fyrir því. Kunnugir menn vita samt sem áður mjög vel um leiðir upp á fjörðinn, einkum fyrir smáskip.

Það virðist því sjálfsagt að verða við óskum þessarar sveitar, ef þetta kynni að koma þeim að einhverjum notum.